

18

12. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laga nr. 46/1954 I. töluliður orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

Enginn skattur greiðist af hreinum tekjum einstaklinga undir 50 þús. kr., hjóna, sem skattlögð eru sameiginlega, undir 70 þús. kr., og hjóna, sem telja fram sitt í hvoru lagi, undir 35 þús. kr. hjá hvoru.

Af fyrstu 10 000 kr. skattgjaldstekna greiðist	5 %
— 10 000— 30 000 kr. greiðist	500 kr. af 10 000 kr. og 10 % af afgangi
— 30 000— 50 000 — —	2 500 — — 30 000 — — 15 % — —
— 50 000— 70 000 — —	5 500 — — 50 000 — — 20 % — —
— 70 000— 90 000 — —	9 500 — — 70 000 — — 25 % — —
— 90 000 kr. og þar yfir	14 500 — — 90 000 — — 30 % — —

Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

2. gr.

10. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

a-liður, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1959, fellur niður og breytast greinarliðir samkvæmt því.

k-liður (verður j-liður), síðasti málsliður 2. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 4. gr. b., orðist þannig:

Aldrei kemur þó hærrí upphæð til frádráttar en 15 000 kr.

k-liður (sem verður j-liður) 3. mgr., sbr. lög nr. 36/1958, 4. gr. b., orðist þannig:

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, er nemur 10 þús. kr. að viðbættum kr. 2000.00 fyrir hvert barn.

l-liður (verður k-liður) orðist svo:

Kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema kr. 20 000.00. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

3. gr.

11. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

2. másl. 2. málsgr. orðist svo:

Séu tekjurnar meiri en 10 þús. kr., er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

4. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 5. gr. b., orðist svo:

Nú aflar kona skattskyldra tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis, er hjónin, annaðhvort eða bæði, eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, og hagfelldara er fyrir hjónin, að þær tekjur séu sérstaklega skattlagðar en að frádrátturinn, sem j-liður 10. gr. heimilar, gildi um þær, og geta hjónin þá krafizt

þess, að skattgjald verði lagt á þau sitt í hvoru lagi samkvæmt 6. gr. Ómagafrá- 18
dráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónu- 12. apríl
leg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

4. gr.

12. gr. laga nr. 46/1954 orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, má draga 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangsverður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkvæmt 6. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1959.

Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

19

13. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{2}$ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga, a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr. skal úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár, sbr. þó 3. gr. d.